

## UMSÓKN UM AÐ HALDA ÖLDUNGAMÓT BLÍ

Til að umsóknin sé gild þarf að fylla **ALLA** reiti út og senda umsóknina til BLÍ og móttshaldara með pósti á [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is) og [oldungur@blak.is](mailto:oldungur@blak.is) amk. 21 degi fyrir öldungaþing.

**Öldungur; Magnús Haukur Ásgeirsson**

**Blakfélag; HK**

**Mótsgjald; 50.000 kr.**

**Mótsdagar; 29. apríl – 01. maí 2021**

**Fjöldi blakvalla; 19+**

**Staðsetning valla/íþróttahúsa;** Ef móttshaldið fer fram á feiri en einum þéttbýlisstað þá vinsamlegast tilgreinið akstursvegalengd á milli keppnishúsa í km. (e/v f. HK, )

Keppt verður í Kómum í Kópavogi á sem flestum völlum eins og við verður komið m.t.t. aðgengi að dúk til að leggja í knatthús Kórsins.

Teljum að með góðu móti verði þannig 13 vellir aðgengilegir í Körnum, að lágmarki, þ.e. 6 vellir á parketi í íþróttahúsinu og 7 vellir í knatthúsi þar sem lagt yrði gólf og dúkur á gervi grasvöllinn eins og gent var 2013. Nægt svæði er til upphitunar samhlíða völlunum. Hér má sjá mynd úr knatthúsi Kórsins frá 2013.



Reynslan 2013 sýndi að hiti knatthússins var góður. Fjöldi áhorfendasæta er í Knatthúsi Kórsins auk þess sem pallar eru fyrir ofan velli á innisvæði.

Til viðbótar aðstöðu í Körnum hefur HK aðgengi að 3 völlum í Fagralundi, 3 völlum í Digranesi. Samtals eru þetta því 19 blakvellir að lágmarki og nægt rými er til upphitunar.

**Hefur umækjandi haldið öldungamót áður? JÁ í tvigang, 1990 og árið 2013**

**Lokahóf fer fram á mótsstað, í Kórnum.** Stefnt er að því að lokahóf verði með sitjandi borðhaldi og í Kórnum rúmast 1.000 matargestir. Á efri hæð hússins er salur sem rúmar 250 manns í sæti sem hægt væri að nýta sem framlengingu á sal íþróttahússins.

**Er boðið uppá barna –og/eða unglingsastarf hjá viðkomandi blakfélagi? JÁ**

**Annað sem umsaekjandi vill koma á framfæri;**

Kórinn er staðsettur í efri byggðum Kópavogs, við Vallarkór. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða við og í kringum húsið. Í Kórnum er frábær aðstaða til íþróttaiðkunar og tengdrar aðstöðu. Fjöldi búningssklefa eru 12 talsins sem mundi rúma þátttakendur með ágætum.

Í Kórnum er gott félagssvæði þar sem fólk gæti hitt mann og annan milli þess sem keppni fer fram. Í félagssvæðinu er salur sem rúmar um 350 manns (standandi) og verða fyrirhugaðar kvöldskemmtanir á mótsdögum þar að undanskildu lokahófi sem haldið verður í íþróttasal hússins.

Steinsnar frá Kórnum er Salalaug og einnig má geta þess að Kópavogslaug er í vestur hluta bæjarins. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og veitingahús. Bæjarfélagið hefur einnig að skipa góðan fjölda gistiþýma, hótel, gistiþús og „airbnb“ framboðs.

Í gegnum árin hefur blakdeild HK verið sigursæl í öllum flokkum inniblaks sem og strandblaks ásamt því sem einstaklingar frá deildinni hafa verið burðarásar í landsliðum Íslands. Deildin hefur að skipa góðan hóp iökenda á öllum aldri sem munu aðstoða við mótið á einn eða annan hátt. "Eldri" iökendur eru um 130 talsins og tefldi HK fram 11 liðum í fyrstu til sjöndu deild Íslandsmóts BLÍ 2018-2019, meistaraflokkur telur um 25 einstaklinga sem spila í tveimur liðum í Mizuno deildinni. Yngri iökendur er um 80 talsins í 2 – 5 flokki. Lið 1. deildar kk og kvk hafa t.d. verið skipuð unglingum okkar að stórum hluta og mjög mikilvægur liður í uppbyggingarstarfi deildarinnar. Stefna deildarinnar er að efla yngri flokka starfið enn frekar og geta stutt betur við bakið á landsliðs fólkini og því sækjum við um að halda öldungamót 2021. Það er draumur okkar að mótið geti farið fram „undir sama baki“ líkt og á árinu 2013, vissulega áskorun þar sem stórt mótt virðist fara stækkandi en við tökum þeiri áskorun fagnandi og hlökkum til að taka á móti skemmtilegum blökurum vorið 2021 í Kórnum.

**Staður / Dagsetning; Kópavogi 2. apríl 2019**

**Staðfesting formanns blakfélags; Magnús Houkur Ásgeirsson, formaður blakdeilda HK.**